



ENVALYS

Hvalfjarðarsveit - færsla Hringvegjar - þverun Grunnafjarðar

Könnun á afstöðu fólks til þverunar Grunnafjarðar og framsetningar í þrívídd. Hugmyndir fólks um þverun Grunnafjarðar

Tilgangur Samgöngufélagsins er að stuðla að sem mestum framförum í samgöngum á og við Ísland.

Í tengslum við auglýsingu Aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2020 - 2032, stóð félagið, í maí og júní 2022, fyrir könnun á afstöðu almennings til færslu Hringvegjar þar sem gert er ráð fyrir þverun Grunnafjarðar og uppbyggingu nýs vegar um Melasveit.

Í þessu skjali er að finna niðurstöður könnunarinnar sem unnin var af fyrirtækinu ENVALYS að beiðni Samgöngufélagsins.

Engum persónugreinanlegum gögnum var safnað vegna þessarar könnunar.



Í hnotskurn - niðurstöður

- ▶ Niðurstöður könnunarinnar, sem byggja á gögnum frá 1127 þátttakendum, sýna að:
 - ▶ Þátttakendur voru fremur hlynntir færslu Hringvegar milli Hvalfjarðarganga og Borgarness vestur fyrir Akrafjall, yfir Grunnafjörð og um Melasveit.
 - ▶ Þátttakendur voru fremur hlynntir þeirri tillögu að legu Hringvegar yfir Grunnafjörð og um Melasveit sem lögð var fram í könnuninni.
 - ▶ Íbúar á Akranesi voru hlynntastir færslu Hringvegar og þeim líkaði betur en íbúum annars staðar við þá tillögu sem lögð var fram í könnuninni.
 - ▶ Ekki kom fram munur í afstöðu þátttakenda til færslu Hringvegar eða framlagðrar tillögu eftir kynjum eða aldri.
 - ▶ Þátttakendur töldu þrívíddarframsetninguna sem boðið var upp á í könnuninni nokkuð gagnlega.



Forsendur: Tillaga VSÓ - júní 2009

Að beiðni Vegagerðarinnar vann VSÓ Ráðgjöf (hér eftir VSÓ) greinargerð um þverun Grunnafjarðar í Hvalfjarðarsveit sem bar heitið **Þverun Grunnafjarðar - greinargerð um helstu umhverfissáhrif**¹ og er hún dagsett í júní 2009.

Í greinargerðinni er sýnd tillaga að legu nýs Hringvegar yfir Grunnafjörð og um Melasveit (sjá mynd hér til hliðar) frá Akrafjallsvegi, við jörðina Ós í suðri, yfir Grunnafjörð á nýju brúarstæði og norður að Hringveginum í nágrenni Fiskilækjar.



Tillaga VSÓ að færslu Hringvegar yfir Grunnafjörð og um Melasveit (sjá rauða brotalínu) dags. júní 2009

¹ Sjá:

[https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/GrunnafjTHverun_greinarg_umhv/\\$file/Grunnafj%C3%9Everun_greinarg_umhv.pdf](https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/GrunnafjTHverun_greinarg_umhv/$file/Grunnafj%C3%9Everun_greinarg_umhv.pdf)



Forsendur: Kostir og ókostir þverunar

Reifaðir hafa verið nokkrir kostir og ókostir við þá leið sem hér er til umfjöllunar. Eftirfarandi upptalningu er ekki ætlað að vera tæmandi.

Kostir:

Leiðin milli Akraness og Borgarness stýttist um 7 km (úr 37 km í 30 km) og er talin verða arðsamari en núverandi leið. Þá mun leiðin um Hringveg stýttast um 1 km.

Núverandi Hringvegur milli Melasveitarvegur nyrðri og Hvalfjarðarganga yrði innansveitarvegur í því sem næst óbreyttri mynd.

Aukið umferðaröryggi, m.a. vegna hagstæðari legu vegarins, talsvert færri vegamóta og hagfelldari veðráttu.

Aukið almennt öryggi þar sem sjúkrahús og viðbragðsaðilar á Akranesi eru nær Hringvegi en nú er. Sömuleiðis myndu almenningssamgöngur við Akranes batna.

Efling byggðar og þjónustu á Akranesi.

Aðgengi að Grunnafirði myndi aukast sem og aðgengi að mun stærra landsvæði í innan við 5 km frá Akranesi en nú er.

Ókostir:

Kostnaður við uppbyggingu Hringvegur vestan Akrafjalls, yfir Grunnafjörð og áfram um Melasveit er metinn um 9 milljarðar kr. en uppbygging á núverandi Hringvegi er metin á 8 milljarða.

Verði ný Hvalfjarðargöng gerð austan núverandi ganga kynni það að lengja leiðina að þeim göngum um allt að 2,7 km.

Grunnafjörður, innan við rifin í mynni hans, er friðaður vegna náttúruverndarsjónarmiða, þ.e. sérstæðs dýra- og fuglalífs og nýtur verndar samkvæmt Ramsarsáttmála.

Ræktarlönd og annað landbúnaðarland verður lagt undir nýjan veg.

Gildandi skipulagsáætlanir fyrir svæðið gera ekki ráð fyrir legu Hringvegur á þeim stað sem hér er til umræðu og óvíst hvort þeim fáiast breytt vegna náttúruverndarsjónarmiða.

Líklegt að lengri tíma taki að undirbúa gerð 2+1 vegar um Grunnafjörð en 2+1 vegar í núverandi legu vegna umhverfismats, mögulegrar andstöðu landeigenda og fleiri slíkra atriða.



Könnun: Tilgangur


Tilgangur þessarar könnunar er tvíþættur:

1. **Að auðvelda hinum almenna borgara að taka upplýsta afstöðu** til færslu Hringvegjar yfir Grunnafjörð og um Melasveit miðað við þá tillögu sem kemur fram í fyrrgreindri greinargerð VSÓ. Er það gert með gagnvirkri þrívíddarframsetningu.
2. **Afla upplýsinga um afstöðu hins almenna borgara** til hugmyndarinnar um færslu Hringvegjar vestur fyrir Akrafjall, yfir Grunnafjörð og um Melasveit og hvernig hann sér fyrir sér að slík færsla yrði útfærð.



Könnun: Þrívíddarlíkön - forsendur/fyrirvari

Gerð vegarins í Þrívídd var byggð á legu Hringvegar eins og hún er sýnd í fyrrgreindri tillögu VSÓ. Þá var hæð brúargólfs yfir sjávarmáli byggð á upplýsingum frá Vegagerðinni.



Aðferð könnunar: Efnisatriði


Könnunin samanstóð af fjórum hlutum:

1. **Öflun bakgrunnsupplýsinga** (þ.e. kyns, aldurs og búsetu). Þess var gætt að engum persónugreinanlegum gögnum væri safnað.
2. **Þremur staðsetningarpunktum sem buðu upp á upplifun** á Hringvegi yfir Grunnafjörð miðað við framlagða tillögu VSÓ (sjá nánar á næstu síðu). Staðsetningarpunktarnir voru valdir með það í huga að sem skýrust mynd fengist af legu veglínu, sjónrænum áhrifum hennar og upplifun vegfarenda og íbúa.
3. **Könnun á afstöðu fólks:** 1) almennt séð til færslu Hringvegjar vestur fyrir Akrafjall, yfir Grunnafjörð og um Melasveit og; 2) til framlagðrar tillögu að legu Hringvegjar yfir Grunnafjörð og um Melasveit. Þá var spurt um afstöðu til þrívíddarframsetningarinnar.
4. Opinni spurningu um **hugmyndir fólks um færslu Hringvegjar**.




Aðferð könnunar: Staðsetning í umhverfinu


Hér má sjá skjáskot frá þeim þremur staðsetningarpunktum sem boðið var upp á í könnuninni. Hver punktur bauð upp á lifandi þrívíddarumhverfi og á hverjum þeirra gafst möguleiki á að líta í allar áttir (þ.e. 360° upplifun).



Sjónarhorn 1



Sjónarhorn 3



Sjónarhorn 2



Aðferð könnunar: Fyrirlögn

Um var að ræða netkönnun þar sem þátttakendur gátu ýmist svarað gegnum farsíma eða tölvu.

Gagnasöfnun fór fram dagana 19. maí - 10. júní 2022 og var könnunin aðgengileg:

- ▶ Á heimasíðu Samgöngufélagsins.
- ▶ Á Facebook-síðu ENVALYS.
- ▶ Á heimasíðu ENVALYS (www.ervalys.is/surveys).
- ▶ Í grein fyrirvarsmanns Samgöngufélagsins sem birtist í Skessuhorns þann 22. maí.
- ▶ Á fréttasíðu Skessuhorns (www.skessuhorn.is)¹ þann 22. maí.
- ▶ Gegnum sérútbúinn tengil á forsiðu Skessuhorns (www.skessuhorn.is).
- ▶ Á fréttasíðu Skagafrétta (www.skagafrettir.is) þann 1. júní.
- ▶ Gegnum sérútbúinn tengil á forsiðu Skagafrétta (www.skagafrettir.is).
- ▶ Gegnum sérútbúinn tengil á forsiðu Akureyri.net.
- ▶ Á Facebook-síðu Samgöngubætur á Vestfjörðum.
- ▶ Á Facebook-síðu Umræður um byggðapróun.

Könnunin var öllum opin og gat hver sem er dreift könnuninni og hvatt til þátttöku. Ekki liggja fyrir upplýsingar um endanlega dreifingu könnunarinnar. Í upphafi könnunar birtist síða þar sem stóð “Taka þátt í rannsókn” og þurftu þátttakendur að smella á hnapp til að opna könnunina.



Aðferð könnunar: Spurningar

Í könnuninni voru eftirfarandi spurningar lagðar fram.

1. Almennt séð, hversu hlynnt(ur) ertu færslu Hringveggar milli Hvalfjarðarganga og Borgarness vestur fyrir Akrafjall og yfir Grunnafjörð?
0 = mjög andvíg(ur); 3 = hvorki né; 6 = mjög hlynnt(ur)
2. Hvernig líkar þér sú tillaga að legu Hringveggar yfir Grunnafjörð og um Melasveit sem sett er fram í þessari könnun?
0 = líkar mjög illa; 3 = hvorki né; 6 = líkar mjög vel
3. Ef þú ert hlynnt(ur) færslu Hringveggar milli Hvalfjarðarganga og Borgarness en andvíg(ur) þeirri veglínu sem sýnd er í þessari könnun, hvernig sæir þú færslu Hringveggar fyrir þér?
4. Heilt á litið finnst mér þessi þrívíddarframsetning ...
0 = algjörlega gagnslaus; 3 = hvorki né; 6 = mjög gagnleg



Aðferð könnunar: Úrvinnsla

Við úrvinnslu gagna var reiknað **meðaltal og staðalfrávik** fyrir hverja spurningu og niðurstöður settar fram í formi súlurita.

Ítarlegri úrvinnsla fól í sér að beita **t-prófi og einhliða dreifigreiningu** til að kanna tölfræðilega marktækan mun í afstöðu hópa eftir:

Kyni

Aldri

Búsetu

Eftirapróf Bonferroni var notað í þeim tilvikum þar sem tölfræðilega marktækur munur kom fram, til að greina hvar sá munur lægi.



Niðurstöður

Bakgrunnsbreytur




hverjir tóku þátt?

Þátttakendur Alls **1127** einstaklingar luku við $\geq 90\%$ af könnuninni


Kynjahlutfall 20,2% konur
79% karlar
0,8% annað

Aldur 2,6% 18-25 ára
30,3% 26-45 ára
49,3% 46-65 ára
17,8% ≥ 66 ára

Búseta 30,1% Á Akranesi
8,1% Í Hvalfjarðarsveit
11,2% Í Borgarbyggð
50,7% Utan þeirra sveitarfélaga sem nefnd er að ofan



1. Afstaða til færslu Hringveggar og þverun yfir Grunnafjörð óháð kyni, aldri og búsetu




Heilt yfir voru þátttakendur fremur hlynntir færslu Hringveggar milli Hvalfjarðarganga og Borgarness vestur fyrir Akrafjall og yfir Grunnafjörð.

Almennt séð, hversu hlynnt(ur) ertu færslu Hringveggar milli Hvalfjarðarganga og Borgarness vestur fyrir Akrafjall og yfir Grunnafjörð?

0 = mjög andvíg(ur); 3 = hvorki né; 6 = mjög hlynnt(ur)



2. Afstaða til færslu Hringvegjar og þverun yfir Grunnafjörð eftir kyni



Bæði konur og karlar* voru hlynnt færslu Hringvegjar milli Hvalfjarðarganga og Borgarness vestur fyrir Akrafjall og yfir Grunnafjörð. Ekki kom fram marktækur kynjamunur í afstöðu þátttakenda.


Almennt séð, hversu hlynnt(ur) ertu færslu Hringvegjar milli Hvalfjarðarganga og Borgarness vestur fyrir Akrafjall og yfir Grunnafjörð?

0 = mjög andvíg(ur); 3 = hvorki né; 6 = mjög hlynnt(ur)

* ATH! Aðeins 9 einstaklingar voru í hópnum "Annað". Hópnum var því sleppt í marktæktarprófun.



2. Afstaða til færslu Hringvegjar og þverun yfir Grunnafjörð eftir aldri




Allir aldurshópar voru fremur hlyntir færslu Hringvegjar milli Hvalfjarðarganga og Borgarness vestur fyrir Akrafjall og yfir Grunnafjörð. Jaðarmarktekt kom fram í mun á afstöðu milli hópa ($F(3, 1123) = 2,576$ $p = 0,052$) og lá sá munur í afstöðu aldurshóps 26-45 ára og aldurshóps 66 ára og eldri.

Almennt séð, hversu hlynt(ur) ertu færslu Hringvegjar milli Hvalfjarðarganga og Borgarness vestur fyrir Akrafjall og yfir Grunnafjörð?

0 = mjög andvíg(ur); 3 = hvorki né; 6 = mjög hlynt(ur)



2. Afstaða til færslu Hringvegjar og þverun yfir Grunnafjörð eftir búsetu




Óháð búsetu voru allir hópar fremur hlynntir færslu Hringvegjar milli Hvalfjarðarganga og Borgarness vestur fyrir Akrafjall og yfir Grunnafjörð. Marktækur munur kom fram í afstöðu hópa ($F(3, 1123) = 16,147$ $p < 0,001$). Íbúar á Akranesi voru marktækt hlynntari færslu Hringvegjar en hinir þrír hóparnir.

Almennt séð, hversu hlynnt(ur) ertu færslu Hringvegjar milli Hvalfjarðarganga og Borgarness vestur fyrir Akrafjall og yfir Grunnafjörð?

0 = mjög andvíg(ur); 3 = hvorki né; 6 = mjög hlynnt(ur)



3. Afstaða til framlagðrar tillögu að þverun Grunnafjarðar óháð kyni, aldri og búsetu




Þátttakendum líkaði almennt fremur vel framlögð tillaga að legu Hringveggar yfir Grunnafjörð og um Melasveit.

Hvernig líkar þér sú tillaga að legu Hringveggar yfir Grunnafjörð og um Melasveit sem sett er fram í þessari könnun?

0 = líkar mjög illa; 3 = hvorki né; 6 = líkar mjög vel



3. Afstaða til framlagðrar tillögu að þverun Grunnafjarðar eftir kyni



Bæði konum og körlum* líkaði fremur vel framlögð tillaga að legu Hringveggar yfir Grunnafjörð og um Melasveit. Ekki kom fram marktækur kynjamunur í afstöðu.


Hvernig líkar þér sú tillaga að legu Hringveggar yfir Grunnafjörð og um Melasveit sem sett er fram í þessari könnun?

0 = líkar mjög illa; 3 = hvorki né; 6 = líkar mjög vel

* ATH! Aðeins 9 einstaklingar voru í hópnum "Annað". Hópnum var því sleppt í marktektarprófun.



3. Afstaða til framlagðrar tillögu að þverun Grunnafjarðar eftir aldri




Öllum aldurshópum líkaði fremur vel framlögð tillaga að legu Hringveggar yfir Grunnafjörð og um Melasveit. Ekki kom fram marktækur munur í afstöðu milli aldurshópa.

Hvernig líkar þér sú tillaga að legu Hringveggar yfir Grunnafjörð og um Melasveit sem sett er fram í þessari könnun?

0 = líkar mjög illa; 3 = hvorki né; 6 = líkar mjög vel



3. Afstaða til framlagðrar tillögu að þverun Grunnafjarðar eftir búsetu




Óháð búsetu líkaði hópunum fremur vel framlögð tillaga að legu Hringveggar yfir Grunnafjörð og um Melasveit. Marktækur munur kom fram í afstöðu hópa ($F(3, 1123) = 12,010$ $p < 0,001$). Íbúum á Akranesi líkaði marktækt betur við tillöguna heldur en hinum hópunum þremur.

Hvernig líkar þér sú tillaga að legu Hringveggar yfir Grunnafjörð og um Melasveit sem sett er fram í þessari könnun?

0 = líkar mjög illa; 3 = hvorki né; 6 = líkar mjög vel



3. Afstaða til gagnsemi framsetningar í þrívídd óháð kyni, aldri og búsetu



Heilt yfir töldu þátttakendur að sú þrívíddarframsetning sem boðið var upp á í könnuninni, væri fremur gagnleg.

Heilt á litið finnst mér þessi þrívíddarframsetning ...

0 = afar gagnslaus; 3 = hvorki né; 6 = mjög gagnleg



4. Hugmyndir að færslu Hringveggar yfir Grunnafjörð og um Melasveit

Svör þátttakenda #1

Ef þú ert hlynt(ur) færslu Hringveggar milli Hvalfjarðarganga og Borgarness en andvíg(ur) þeirri veglínu sem sýnd er í þessari könnun, hvernig sæir þú færslu Hringveggar fyrir þér?

- ▷ Allan daginn yfir Grunnafjörð.
- ▷ Það þarf ekki að færa veginn.
- ▷ Þarf að færa Hringveginn?
- ▷ Myndi frekar snúa nyrðri enda Hvalfjarðarganga í austur og stytta þannig Hringveginn. Stytting á milli Akraness og Borgarness er ekki nauðsynleg.
- ▷ Ég er andvígur því að færa Hringveginn vestur fyrir Akrafjall.
- ▷ Það væri hægt að gera einhverjar úrbætur og örlitlar tilfærslur á núverandi vegstæði. Ný Hvalfjarðargöng hafa helling með þetta mál að segja t.d. verður aldrei hægt að ná ásættanlegum veghalla með núverandi göngum og væru þau líka dýrari. Ný göng sem kæmu upp innar í Hvalfirði væru þar að leiðandi ódýrari og öruggari. Eins má nefna að veður norðan megin við Akrafjall er töluvert verra en sunnan megin og myndi því vegurinn vera oft lokaður ef til hans kæmi. Síðast enn ekki síst myndi þetta lengja Hringveginn og yrði þessi framkvæmd því ekki þjóðinni til hagsbóta. Í framtíðinni sé ég þó fyrir mér brú yfir Grunnafjörð sem myndi stytta leið á milli Borgarnes og Akranes en þarna ætti aldrei að liggja þjóðvegur. Hver sá maður sem setur sig inn í þessi mál sér að þetta er glórulaust.
- ▷ Þjóðvegur 1 verði áfram á sama stað.
- ▷ Þennan veg ætti að reisa til að auka samgöngur við Akranes. Hann skal vera viðbót við það vegkerfi sem er nú þegar og býður upp á fallett útsýni fyrir ferðamenn auk uppbyggingar á því svæði þar sem hann liggur. Það má svo koma í ljós hvers konar umferð fer þar um t.d. flutningabílar, rútur eða fólkubílar og slit á honum. Þá má vænta þess að viðhald minnki annars staðar. Alla jafna deilist þá umferðin og léttir á samgöngum á þessu svæði. Rétt væri að kanna það hvort ferðamálafræðingar sjái verðgildi svæðisins og möguleika þarna til tekna.



4. Hugmyndir að færslu Hringveggar yfir Grunnafjörð og um Melasveit

Svör þátttakenda #2

Ef þú ert hlynt(ur) færslu Hringveggar milli Hvalfjarðarganga og Borgarness en andvíg(ur) þeirri veglínu sem sýnd er í þessari könnun, hvernig sæir þú færslu Hringveggar fyrir þér?

- ▷ Austur fyrir Akrafjall.
- ▷ Veit ekki.
- ▷ Ég er mjög hlynt þessari breytingu.
- ▷ Eina sem ég vildi breyta er að hlífa betur þeirri búsetu sem nú þegar er. Bæði við Vallarnes og sérstaklega að færa veginn vestar frá Súlunesi.
- ▷ Ég er hlyntur þessari hugmynd um lagningu yfir Grunnafjörð.
- ▷ Mér finnst erfitt að horfa til þess að fórna Grunnafirði undir veg og raska ósnortnu landi. Vil frekar láta náttúruna njóta vafans.
- ▷ Hengibrú yfir Grunnafjörð.
- ▷ Allt í lagi.
- ▷ Breikka núverandi þjóðveg 1 um Hvalfjarðarsveit eða göng í gegnum Akrafjall til móts við Hvalfjarðargöng.
- ▷ Mætti færa veginn nær Akrafjalli, þá er ekki eins mikill skaði á ræktanlegu landi.
- ▷ Byrja strax á þessu.
- ▷ Tel að vegurinn eigi að liggja austan við Akrafjall. Mögulega er hægt að leggja hann á hentugri stað í gegnum Leirársveit t.d. ofan við Laxárbakka og Bjarkarás sbr. eina tillögu VSÓ. Alls ekki að fórna útivistarsvæði hér ofan við Akranes.
- ▷ Of mikil áhætta með náttúruna þarna. Óveruleg stytting á Hringvegi. Uppbygging núverandi vegar líst mér best á.
- ▷ Það er alveg skýrt að Grunnafjörðurinn heyrir undir alþjóðlega verndarsáttmála. Brú þarna yfir mun alltaf hafa áhrif á rennsli í ósnum, náttúruleg vatnsskipti og þ.a.l. líffræði og líffræðilegan fjölbreytileika óssins. Vissulega má reikna einhvern ávinning af þessari smávægilegu styttingu vegarins en það eru smámunir við hlið ávinningsins sem sannarlega fylgir óbreyttu vistkerfi Grunnafjarðar. Stundum á bara náttúran að fá að njóta vafans.



4. Hugmyndir að færslu Hringveggar yfir Grunnafjörð og um Melasveit

Svör þátttakenda #3

Ef þú ert hlynnt(ur) færslu Hringveggar milli Hvalfjarðarganga og Borgarness en andvíg(ur) þeirri veglínu sem sýnd er í þessari könnun, hvernig sæir þú færslu Hringveggar fyrir þér?

- ▶ Af hverju að eyða peningum í að færa þennan veg? Tala nú ekki um að þurfa að borga x margar milljónir til bænda sem eiga þarna land eða hlut af landi. Væri ekki nær að snúa sér að götum landsins og laga þær áður en farið er í að færa eða breyta þeim? Ef þessi breyting verður þá spyr ég hver kemur til með að viðhalda þessum vegi? Hvað verður um gamla veginn, jú hann kemur til með að standa áfram en við vitum og það hefur margsinnis verið sannað að ef þessum vegi verði breytt þá hætta menn að hugsa um gamla veginn og hann bætist bara í safnið yfir ónýtir vegir á Íslandi :) .
- ▶ Það er nauðsynlegt að reikna með því að vegurinn yrði einhvern tímann tvöfaldaður. Sömuleiðis að ef Hvalfjarðargöng yrðu tvöfölduð og færð til austurs myndi það aftur færa umferð á gamla veginn! Svona breytingar verða að gæta að hagsmunum allra sem væntanlega nota vegin (leið milli Borgarnes og Reykjavíkur yrði að stytta).
- ▶ Frekar hlynntur en velti fyrir mér staðsetningu nýrra viðbótarganga undir Hvalfjörð.
- ▶ Þetta er flott tillaga.
- ▶ Það að færa Hringvegin um Grunnafjörð skapar annan stað þar sem hviður og vindur verður til vandræða. Það getur verið mjög hvasst undir Akrafjalli.
- ▶ Svona.
- ▶ Vil að farið verði í gegnum Akrafjall (göng) og leiðin stitt enn frekar!
- ▶ Óbreyttur vegur. Hvers vegna að breyta með gríðarlegum kostnaði ... ávinningurinn hlutfallslega mjög lítill.
- ▶ Frekar hlynntur færslu Hringveggar en mundi vilja hafa veglínu nær Akrafjalli til að stytta Hringveg meira.
- ▶ Fjær Hafnarfjalli, ekki inn á gamla þjóðveg 1. Losna undan sviptivindum af fjallinu með að hafa veginn nær sjó.



4. Hugmyndir að færslu Hringveggar yfir Grunnafjörð og um Melasveit

Svör þátttakenda #4

Ef þú ert hlynt(ur) færslu Hringveggar milli Hvalfjarðarganga og Borgarness en andvíg(ur) þeirri veglínu sem sýnd er í þessari könnun, hvernig sæir þú færslu Hringveggar fyrir þér?

- ▶ Finnst þetta skynsamlegasta leiðin. Margar aðrar sem hafa verið sýndar nýlega innan Hvalfjarðarsveitar algerlega fráleitir. Smákóngaháttur ríkjandi á að vaða yfir suma aðila en aðrir reyna að passa sitt.
- ▶ Hafa brúna yfir fjörðinn utar lífsins vegna í firðinum.
- ▶ Færa mætti núverandi vegstæði þannig að blindhæðin/beyjan við Grundatangaafleggjarann er tekin af. Nýja brú á Laxá og færa vegstæðið austar og norðar núverandi vegstæði og þeim bæjum er við hann standa. Vegstæðið yrði á melunum ofan við Fiskilækjarvötn og tengdist núverandi veg 1 við Ölvers-afleggjarann.
- ▶ Hafa veginn eins og hann er.
- ▶ Verður gott fyrir komandi framtíð. Bara þetta verði ekki eins og Sundabrautin. Maður verður löngu dauður áður en búið verður að framkvæma þetta. Það er búið að tala um Sundabraut í ca 40 ár.
- ▶ Vil góðan veg um Akranes - vestur/norður um Grunnafjörð.
- ▶ Fín tillaga.
- ▶ Er mjög andvígur færslu vegar. Betra er að setja peninga í viðhald á núverandi vegakerfi.
- ▶ Veglína upp með Leirá og Geldingará að Höfn.
- ▶ Grunnafjörður er friðlýst svæði og alþjóðlega mikilvægt fyrir fugla og votlendi og nýtur alþjóðlegrar verndar sem RAMSAR-svæði skv. RAMSAR samningi Sameinuðu þjóðanna. Núverandi veglína liggur um byggðina á svæðinu er þægileg og í akstri og býður upp á fagurt útsýni. Ný veglína um Melasveitina fer yfir og eyðileggur enn frekar votlendi og hefur í för með sér aukna losun gróðurhúsalofttegunda og bætir á vanda loftslagsbreytinga.



4. Hugmyndir að færslu Hringveggar yfir Grunnafjörð og um Melasveit

Svör þátttakenda #5

Ef þú ert hlynt(ur) færslu Hringveggar milli Hvalfjarðarganga og Borgarness en andvíg(ur) þeirri veglínu sem sýnd er í þessari könnun, hvernig sæir þú færslu Hringveggar fyrir þér?

- ▶ Ég er mjög hlynt þessari vegarframkvæmd um Grunnafjörð. Dæmi t.d. frá Gilsfirði sýna að áhrif vegar á fuglalíf eru hverfandi og þarna enn minni þar sem ekki eru miklar fyllingar sem fylgja veginum yfir fjörðinn!
- ▶ Það er mjög erfitt að sjá hvaða tilgangi það þjónar að eyðileggja fuglaverndarsvæði Grunnafjarðar og ganga gegn ákvæðum Ramsarsáttmálans til þess að fáeinar sjoppur á Akranesi fái örlítið fleiri gesti.
- ▶ Það er ekki gott að segja.
- ▶ Ekki þvera Grunnafjörðinn.
- ▶ Þverun Grunnafjarðar.
- ▶ Ganga hratt til verka.
- ▶ Þetta er fínt.
- ▶ Ég sé hana bara ekki. Það er engin ástæða til að færa núverandi legu vegstæðisins. Hvað þá í farveg sem hefur verið hent af borðinu af ráðherra og er ekki á kortum Vegagerðarinnar. Sparið ykkur pening og látið af þessu. Þetta mun fá alltof mikla mótspyrnu.
- ▶ Mjög vel en þyrfti að vera tvöfaldur. Hugsað til framtíðar.
- ▶ Þarf ekki að færa veginn.
- ▶ Þessi framkvæmd hefði átt að vera búið að gera fyrir 20 árum síðan. Allan daginn á að gera þessa framkvæmd en helst tvöfalt 2 akreinar í báðar áttir.
- ▶ Mér finnst þetta mjög falleg veglína - og hlakka til að fara þessa leið :-). Gangi ykkur vel.
- ▶ Frábær hugmynd.



4. Hugmyndir að færslu Hringveggar yfir Grunnafjörð og um Melasveit

Svör þátttakenda #6

Ef þú ert hlynt(ur) færslu Hringveggar milli Hvalfjarðarganga og Borgarness en andvíg(ur) þeirri veglínu sem sýnd er í þessari könnun, hvernig sæir þú færslu Hringveggar fyrir þér?

- ▶ Þessi leið er illa ígrunduð út frá náttúruverndarsjónarmiðum og áhrifum á jarðmyndanir sem ekki koma fram í þessari könnun. Hér er því verið að spyrja fólk og biðja það um að meta ákveðinn kost án þess að það hafi allar upplýsingar og forsendur til slíks mats. Að auki eru tölvumyndir blekkjandi og fjarri því að sýna umhverfið í réttu ljósi að lokinni vegagerð eða varpa ljósi á umhverfisáhrif hennar. Könnunin er því vart marktæk og í besta falli ótímabær.
- ▶ Ég held að í það minnsta þurfi að spá í landamerki í Melasveitinni. Átta mig ekki á því hvort það hafi verið gert nú þegar en bara svo minni andstaða landeigenda skapist.
- ▶ Ég er andvígur færslu Hringveggarins. Það er taktlaust að fórna því landi sem þarf undir nýtt vegstæði. Á svæðinu er stundaður landbúnaður/atvinnustarfsemi. Þegar litið er til áratuga þá færast nýtt vegstæði of nálægt framtíðarbyggingarlandi Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar - sem er svæðið innan við Innsta-Vog. Það vill enginn vera með þjóðveg 1 í bakgarðinum hjá sér. Af honum stafar hætta og hljóðmengun. Það er búið að leggja gríðarlega fjármuni í viðhald og endurbætur á núverandi vegi/vegstæði undanfarin ár. Frá Hvalfjarðargöngum og að Laxá. Það er ekki réttlætjanlegt að eyða þeim fjármunum sem til þarf í að færa veginn. Fyrir því liggja margar ástæður.
- ▶ Ég er mjög hlyntur öllu sem styttr ferðatímann milli staða og einnig eins lengi og það er 2+2 vegur! 1+1 eða 2+1 vegur þýðir ekkert. Bæjarfélögin eru að stækka þarna. Hellingur af sumarbústöðum sem Reykvíkingar nýta sér í Borgarbyggð á sumrin og þá verður virkilega mikil traffík þarna.
- ▶ Þetta er bara miklu fallegri leið og mun ekki skemma fuglalífi. Sjáið Gilsfjörður aldrei verið blómlegri.



4. Hugmyndir að færslu Hringveggar yfir Grunnafjörð og um Melasveit

Svör þátttakenda #7

Ef þú ert hlynt(ur) færslu Hringveggar milli Hvalfjarðarganga og Borgarness en andvíg(ur) þeirri veglínu sem sýnd er í þessari könnun, hvernig sæir þú færslu Hringveggar fyrir þér?

- ▶ Eins nema vildi sjá 3 til 4 akgreinar eins og umferð um þetta svæði er í dag.
- ▶ Fara nær ströndinni í Melasveitinni.
- ▶ Í mínum huga á náttúran, aðallega fuglalíf, að njóta vafans. Því miður hef ég ekkert séð um afleiðingar þveranna hér á Vesturlandi allt frá Grafarvogi og í Öfundarfjörð. Ég veit ekki annað en að rannsóknir hafi verið gerðar á flestum þessara staða fyrir framkvæmdir en veit ekki hvort því hefur verið fylgt eftir.
- ▶ Um Leirársveit norðar en veglínan nú.
- ▶ Ég er mjög hlyntur færslu Hringveggar og hef alltaf verið á þeirri skoðun síðan umræða um Hvalfjarðargöng hófst og eftir að göngin voru tekin í notkun. Aukið umferðaröryggi stytting á vegalengd og fallegra vegastæði.
- ▶ Langsótt framkvæmd! Styttu leið um 7 km fyrir hvað - 50 bíla á dag?? Betra veður - hæpin fullyrðing að mínu mati. Umhverfislega mikið inngríp. Best að bíða og sjá hvað verður um norðurmunna nýrra Hvalfjarðarganga. EF!! Þjóðvegur 1 verður færður vestur fyrir Akrafjall þarf nýja veglínu með 90 km hraða framhjá Akranesi!! Nærtækara fyrir Vegagerðina að styttu um 15 km fyrir 800 bíla á dag við Svínavatn.
- ▶ Mér finnst þetta vera illa útfært. Það þarf að taka inn í þetta fyrirhugaða legu nýrra gangna og kostnaðarútreikninga sem liggja fyrir varðandi verð á mismunandi útfærslum. Verði ný göng innar í firðinum eins og nú er fyrirhugað yrði þessi leið kostnaðarsamari og myndi ekki styttu leiðina fyrir aðra en Akurnesinga heldur þveröfugt.
- ▶ Það þarf ekkert að færa þennan veg. Hvers konar rugl er þetta eiginlega?
- ▶ Andvígur færslu Hringveggar. Kostnaður sem settur er fram er algjörlega úr lausu lofti gripinn og að öllum líkindum mun hærri. Vantar útreikninga fagaðila. Tillaga gengur út á að þvera eitt af sex Ramsarsvæðum á Íslandi en Ramsarsvæði njóta sérstakar verndunar og þessi tillaga að setja þjóðveg 1 í gegnum svæðið er úr takti við verndun þessara svæða. Núverandi veglína er mun heppilegri.



4. Hugmyndir að færslu Hringveggar yfir Grunnafjörð og um Melasveit

Svör þátttakenda #8

Ef þú ert hlynt(ur) færslu Hringveggar milli Hvalfjarðarganga og Borgarness en andvíg(ur) þeirri veglínu sem sýnd er í þessari könnun, hvernig sæir þú færslu Hringveggar fyrir þér?

- ▶ Ég sé fyrir mér að vegurinn fari nær Akrafjallinu þveri Akrafjallsveg austan við bæinn Ós og fari í sveig að fjallinu fyrir ofan iðnaðarsvæði og gámaþjónustuna, fari inná veginn frá Hvalfjarðargöngum fyrir ofan golfsvæði Akranes. Einnig gæti ég séð fyrir mér að vegurinn færist vestar eða fjær Súlunesi og nær Ási. Held að hann gæti fylgt landamerkjum þar það veldur minnstri röskun fyrir landeigendur . Það ætti ekki að kalla á mikla lengingu. Vil benda á grein Ólafs Óskarssonar í Skessuhorninu fyrr í vetur þar er veglína sýnd á korti sem mér leist vel á. Annað er að til ókosta við leiðina yfir Grunnafjörðinn er talað um að landbúnaðarland fari undir veginn. Það gerist einnig við hina leiðina þar sem að núverandi vegur er vegna mikilla tengivega og hjáleiða og undirgangna. Þá er talað um að Grunnafjarðarleiðin sé dýrari. Ég dreg það mjög í efa eftir að hafa skoða þá valkosti sem kynntir voru í haust á vef Hvalfjarðarsveitar. Ég er sannfærður um að þær útfærslur voru ekki notaðar við kostnaðarmat sem gert var 2018 fyrir Vegagerðina. Í myndbandinu koma fram burðarsúlur undir brúnni samkvæmt mínum upplýsingum er ekki þörf á þeim. Brúin þyrfti að vera um 300 metrar og það er ekkert vandamál samkvæmt upplýsingum fagmanna að byggja hana þannig. Það er mjög mikilvægt þar sem að viðkvæmt væri að hindra vatnaskipti með súlum, það er við inn- og útfall.
- ▶ Af hverju þarf að færa Hringveginn? Þetta er óþarfa peningabruðl fyrir lítinn sem engan ávinning fyrir þá sem búa utan svæðisins.
- ▶ Enga færslu. Breikka núverandi veg á þeim stað sem hann er!
- ▶ Hvaða mælingar hafa verið gerðar í sambandi við vindálag á vegalínu þessari? Nú eru nokkrir staðir á ef vegur kemur í sama vegstæði mjög hættulegir sökum vinds.
- ▶ Er hlynt þessari útærslu.
- ▶ Samkvæmt áætlun.
- ▶ Allt of mikill kostnaður fyrir aðeins 7 km ávinning. Og hreinlega út í hött.



4. Hugmyndir að færslu Hringveggar yfir Grunnafjörð og um Melasveit

Svör þátttakenda #9

Ef þú ert hlynt(ur) færslu Hringveggar milli Hvalfjarðarganga og Borgarness en andvíg(ur) þeirri veglínu sem sýnd er í þessari könnun, hvernig sæir þú færslu Hringveggar fyrir þér?

- ▶ Það er engan veginn ásættanlegt að leggja veg á þessum stað og eyðileggja eitt af mikilvægustu náttúruverndarsvæðum landsins.
- ▶ Ég er hlyntur færslunni líst vel á hugmyndina.
- ▶ Óbreytt.
- ▶ Ég er afar andvígur því að færa veginn.
- ▶ Mér finnst þurfa að tryggja að Akraneskaupstaður hafi gott byggingarland til framtíðar. Akranes er frekar landlítið í dag. Hafa það í huga þegar vegstæði er valið að vestan verðu við Akrafjall.
- ▶ Um Grunnafjörð.
- ▶ Fljótt á lítið væri vegur undir Akrafjalli um Grunnafjörð mun betri kostur en niðri leiðin en þarna eru þó í báðum tilfellun um þröngt landrými að ræða og vegur undir Akrafjalli mun valda mikilli röskun á svæði sem hentar vel til landbúnaðar (fyrir utan hávaðamengun sem þó væri fyrir hendi í báðum tilfellum en gæti magnast upp vegna nálægðar við Akrafjall) en fleiri rök mæla með Grunnafjarðarleið.
- ▶ Lenging á þjóðvegi 1.
- ▶ Nei. Ég vil alveg brúa Grunnafjörð en ekki færa Hringveginn. Ég tel það mikið lán fyrir Akranes að megin umferð fari áfram austurleiðina við Akrafjall.
- ▶ Ég hugsa um það í hvert skipti sem ég ek leiðina Akureyri - Reykjavík hversu gott það væri að leggja veginn yfir Grunnafjörð í stað þess að aka þá leið sem nú er farin. Vonandi verður þetta gert.
- ▶ Hlyntur veglínunni eins og hún er sýnd hér.



4. Hugmyndir að færslu Hringveggar yfir Grunnafjörð og um Melasveit

Svör þátttakenda #10

Ef þú ert hlynt(ur) færslu Hringveggar milli Hvalfjarðarganga og Borgarness en andvíg(ur) þeirri veglínu sem sýnd er í þessari könnun, hvernig sæir þú færslu Hringveggar fyrir þér?

- ▶ Áfram sama vegarstæði.
- ▶ Vill eindregið að núverandi lega Hringveggarins haldi sér að mestu óbreytt.
- ▶ Finnst ágóðinn of lítill til þess að valda þessu raski á náttúrunni í Grunnafirði.
- ▶ Hjá núverandi vegi.
- ▶ Hvernig sem er en að framkvæmdin fari ekki fram innan marka RAMSAR friðlandsins. Þetta er of einstakt svæði m.t.t. lífríkis til að leyfa veglagningu og brúargerð við ósinn.
- ▶ Halda vegi austan við Akrafjall til að vernda fuglalíf í Grunnafirði. Göng væru möguleg en svöruðu tæpast kostnaði.
- ▶ Það eina sem hægt er að setja út á þetta er ekki inn í þessari könnun. Þ.e. laga gatnamótin við Akranes og að færa Hringveginn undir Hafnarfjalli mun neðar til að losna við vindhviðunar að öðru leyti er þetta góð hugmynd.
- ▶ Ekki hugsa um 2+1 veg heldur fara beint í 2+2
- ▶ Ég sé ekki stóran mun á að fara austur eða vestur fyrir Akrafjall. Ef stytting á að skipta máli væri best að fara í gegnum fjallið og ef það verða gerð ný Hvalfjarðargöng þá bara láta þau koma upp norðan við Akrafjall.
- ▶ Ekki endilega hlyntur færslu vegarins en Grundartangavegamótin þarf að laga strax.
- ▶ Stórgott.
- ▶ Enginn ástæða að færa veginn hann er góður eins og hann er. Skiptir ekki höfuðmáli hvort maður sé nokkrum mínútum fljótari að aka þessa leið.
- ▶ Það á ekki að beina Hringvegi gegnum þéttbýli. Stytting er ekki nema 1 km í þessari tillögu en ferðatími mun lengjast vegna krafna um hraðatakmarkanir gegnum Akranes.



4. Hugmyndir að færslu Hringveggar yfir Grunnafjörð og um Melasveit

Svör þátttakenda #11

Ef þú ert hlynt(ur) færslu Hringveggar milli Hvalfjarðarganga og Borgarness en andvíg(ur) þeirri veglínu sem sýnd er í þessari könnun, hvernig sæir þú færslu Hringveggar fyrir þér?

- ▶ Akranes verður að vera á leiðinni til Borgarness! Akranes getur fengið fleiri túrista, hótél og fleiri veitingastaði.
- ▶ Alltaf austan við Akrafjall.
- ▶ Aðal þjóðvegurinn / Hringvegurinn á að liggja austan við Akrafjall.
- ▶ Ég held að þetta sé besta staðsetningin. Það þarf að hafa brúna þar sem vatnsskipti eru tryggð. Það má alls ekki stífla fjörðinn og kæfa lífríkið þar.
- ▶ Hlyntur færslu en það þarf að hafa umhverfismat til að sjá besta kostinn.
- ▶ Ég sé að þessi vegur henti prýðilega fyrir Akranesinga og mögulega Borgarnesinga. Ekki öðrum sem hafa ekki haft þörf né áhuga á að keyra inn á Akranes þegar farið er norður til Akureyrar. Peningasóun fyrir aðra en þá sem búa á svæðinu. Ætti eingöngu að vera á herðum sveitarfélagsins (sveitarfélaganna) enda nýtist þetta vegstæði einungis þeim.
- ▶ Þarf að vernda fuglalíf í Grunnafirði. Ég er fæddur í Grunnafirði, uppallinn á Akranesi og þekki til. Breyta munna Hvalfjarðarganga þannig að beygt sé til austurs í göngunum kannski hringtorg niðri í göngunum í stað ofan þeirra. Láta Grunnafjörð í friði!
- ▶ Líst vel á þetta dæmi, mjög gagnlegt og ekkert að þessu.
- ▶ Frekar hlutlaus en ég segi; gerið nýja vegi strax tvöfalda.
- ▶ Engar athugasemdir ef náttúruvernd er tryggð.
- ▶ Mjög spennandi kostur nýbreytni frá núverandi veglínu Hringveggar og gæti hugsanlega orðið til umferð mundi dreifast meira.
- ▶ Lagfæringar á núverandi vegstæði eru mun hagkvæmari og nauðsynlegri framkvæmd en svona ævintýramenska. Grunnafjörður er til að mynda friðað landsvæði. Eins og þið sýnið þetta þá er vegurinn innan friðaðs svæðis þetta yrði margra ára barátta sem ólíklegt er að yrði samþykkt.



4. Hugmyndir að færslu Hringveggar yfir Grunnafjörð og um Melasveit

Svör þátttakenda #12

Ef þú ert hlynt(ur) færslu Hringveggar milli Hvalfjarðarganga og Borgarness en andvíg(ur) þeirri veglínu sem sýnd er í þessari könnun, hvernig sæir þú færslu Hringveggar fyrir þér?

- ▶ Ég er andvígur öllum breytingum sem valda lengingu á leiðinni Akureyri til Reykjavíkur. Það er hvergi minnst á hvaða áhrif þessi breyting hefur á vegalengdina frá t.d. Akureyri til Reykjavíkur og ég sé ekki betur en að hún muni lengjast. Annaðhvort eru hönnuðir þessarar leiðar vísitandi að gefa ekki upp að þetta lengir leiðina frá Reykjavíkur út á land eða þeir gera sér ekki grein fyrir því hversu þjóðhagslega dýr hver kílómetri er í lengingu leiða milli Reykjavíkur og landsbyggðarinnar. Ég hef ekki trú á að samgangurinn milli Borgarness og Akraness sé það mikill að það vegi upp á móti samganginum milli Reykjavíkur og landsbyggðarinnar.
- ▶ Leirurnar við Grunnafjörð eru mjög sérstakar og rask á þessu svæði er andstætt alþjóðasamningi (Ramsar) sem Ísland er aðili að. Grunnafjörður og Mývatn eru meðal svæða á Íslandi sem samningurinn tekur til. Eina leiðin til að brúa þarna er há brú sem ekki raskar svæðinu. Kostnaður af því væri ábyggilega meiri en þessir 9 milljarðar sem hér er gert ráð fyrir.
- ▶ Náttúran þarf að njóta vafans þegar ávinningur er svona lítill - betra að vinna með það land sem þegar er rofið.
- ▶ Vil halda leiðinni eins og hún er það er alveg fáránlegt að fara að leggja undir jarðir hjá fólki sem stundar landbúnað og að fara að raska friðlýstu svæði sem Grunnafjörður er!
- ▶ Ég er persónulega mjög hlyntur færslu Hringveggar milli Hvalfjarðarganga og Borgarness. Ég held að þetta er það kostnaðarsamt að þetta verður því miður ekki að veruleika.
- ▶ Þar sem ekki er búið að fullfesta seinni göngin væri gott að þau kæmu út í sömu aksturshátt og þau eldri í stað þess að vísa umferð til austur um Akrafjall.
- ▶ Mjög hlyntur færslu á Hringveg svo lengi sem gatnamótum að Akranesi verði breytt þannig að Hringvegurinn sé beinn þ.e með því að halda áfram eftir veginum í hvora átt fyrir sig haldi maður sig á Hringveginum en ef maður beygi sé það til þess að komast til Akraness.




4. Hugmyndir að færslu Hringveggar yfir Grunnafjörð og um Melasveit

Svör þátttakenda #13

Ef þú ert hlynt(ur) færslu Hringveggar milli Hvalfjarðarganga og Borgarness en andvíg(ur) þeirri veglínu sem sýnd er í þessari könnun, hvernig sæir þú færslu Hringveggar fyrir þér?

- ▶ Byggja upp í kringum núverandi vegstæði.
- ▶ Óbreytt.
- ▶ Leggja nýjan veg frá s-inu í Akranes á loftmyndinni og beint í punktalínuna.
- ▶ Engin færsla heldur uppbygging á núverandi vegarstæði. Getur ekki verið arðsam og þjóðfélagslega hagkvæmur flutningur með tilliti til forsendna eins og þær eru í dag og ekki síst vegna væntanlegrar tvöföldunar ganga.
- ▶ Mjög hlyntur.
- ▶ Ef Grunnafjörður væri ekki friðlýst svæði væri þetta no-brainer.
- ▶ Það er mjög dýrt að leggja veg og smíða brú yfir Grunnafjörð og ekkert vit í að reyna það. Ég er ekki hlyntur færslu vegarins til Akranes.
- ▶ Það er skipulagsslys fyrir Akranes, Grunnafjarðarsvæðið og svæðið sunnan við Akrafjall að setja aðal þjóðleiðina um það svæði. Þegar horft er til framtíðar. Enda eru fleiri og fleiri þegar þeir spá í þetta andvígir þessari hugmynd.
- ▶ Hlyntur þessari staðsetningu en vildi í framhaldi af þessu sjá hugmyndir um færslu vegarins frá Hafnarfjalli.





ENVALYS

Safamýri 91, 108 Reykjavík

envalys@envalys.is

www.envalys.is